

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar, Reykjanesi.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Reykjanesbæjar samþykkti 13. júlí 2023 deiliskipulagstillögu samkvæmt uppdráttum VSO ráðgjafar ehf. dags. 23. mars 2022.

Í þágu atvinnuuppbyggingar og þróunar Auðlindagarðsins eru afmarkaðar nýjar lóðir við Lónsbraut til uppbyggingar atvinnustarfsemi sem getur nýtt afgangsstrauma frá Reykjanesvirkjun til fjölbreyttrar framleiðslu.

Deiliskipulag iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi samþykkt 15. janúar 2004 með síðari breytingum fellur úr gildi við gildistöku þessa deiliskipulags. Þann 10. júní 2022 tók gildi deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi í Grindavíkurbæ sem felldi úr gildi þann hluta eldra deiliskipulags sem var innan Grindavíkurbæjar.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Reykjanesbæjar, 14. nóvember 2023,

Halldóra F. Þorvaldsdóttir staðgengill bæjarstjóra.

B-deild – Útgáfudagur: 15. nóvember 2023